

Nd.

618. Breytingartillögur

við frv. til laga um farmgjald af aðfluttum vörum (á þingskj. 375).

Frá meiri hluta skattamálanefndarinnar.

- Við 1. gr. Fyrir orðið: »vigt« komi: þyngd.
Á eftir orðunum: »með umbúðum« komi: eða.
Við 1. flokk: orðið »linsterkju« falli burt.
Við 2. flokk: orðið »ávaxtavínum« falli burt.
Fyrir orðin: »gosdrykkjum, húsafarfa« komi: farfa.
Orðið: »plöntufeiti« á fyrri staðnum falli burt.
Við 3. flokk: Orðið: »ávaxtasafa« falli burt.
Á eftir orðinu: »herfum« komi: járnpípum.
Við 4. flokk: Á eftir orðinu: »járnvörum« komi: og öðrum málmvörum.
Á eftir orðinu: »lampapörtum« komi: linsterkja.
Fyrir orðin: »tilteknar í þessari grein« komi: tilteknar í öðrum flokkum.
Við 7. flokk: Fyrir orðin: »samkvæmt 8. flokki« komi: samkvæmt 2. gr.
Í stað orðanna: »8. flokkur« komi: 2. gr.
Greinatalan breytist samkvæmt því.
Við 2. gr. (áður 8. fl.). Á eftir orðinu »leir« komi: leirpípum.
Við 9. gr. sem verður 10. gr. Fyrir: »farmgjald« í síðustu línu greinarinnar komi: landssjóð.
Alstaðar þar sem »pd.« (þ. e. pund) stendur í frv. skal því breytt í: »tví pund« og upphæð farmgjaldsins á hverjum stað jafnframt tvöfaldast.